

**Ed.**

**330. Nefndarátt**

um tillögu til þingsályktunar um að fella niður útflutningsgjald af síld, er seld var til Rússlands 1927.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefir haft þingsályktunartillögu þessa til athugunar. Hefir sú niðurstaða orðið, að nefndin telur rjett að samþykkja tillöguna, með því hún litur svo á, að síldarsölu til Rússlands á síðasta ári beri að mestu leyti að skoða sem tilraun til þess að afla nýs markaðs fyrir íslenska síld.

Þótt nefndin fallist á efni tillögunnar á þessum grndvelli, vill hún orða hana lítið eitt á annan veg, og leggur því til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGU.**

Tillögugreinin orðist þannig:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta niður falla innheimtu á útflutningsgjaldi af síld þeirri, sem seld var til Rússlands haustið 1927.

Alþingi, 28. febrúar 1928.

Ingvar Pálmason,  
form. og frsm.

Jón Þorláksson.

Björn Kristjánsson.

Jón Baldvinsson,  
fundaskrifari.

Einar Árnason.